

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Brautarholt 7.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 20. febrúar 2014, nýtt deiliskipulag fyrir reitinn að Brautarholti 7. Í tillögunni er gert ráð fyrir að á reitnum risi byggingar sem hýsi litlar íbúðir/einingar fyrir stúdenta, einnig gert ráð fyrir þjónustustarfsemi á hluta jarðhæðar.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Klettasvæði, Skarfabakki.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 19. mars 2014, breytingu á deiliskipulagi Klettasvæðis, Skarfabakka. Í breytingunni felst m.a. að löndunarsvæði á austurhluta er breytt, gerð er ný lóð fyrir spennistöð, ný bílastæði við Korngarða, lóðirnar nr. 5, 7 og 9 eru minnkaðar og byggingarreitir lóðanna nr. 1 og 3 breyttir.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Þórsgata 29.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 21. mars 2014, breytingu á deiliskipulagi reits 1.181.4, Lokastígsreitur 3, vegna lóðarinnar nr. 29 við Þórsgötu. Í breytingunni felst að byggja glerbyggingu yfir svalir.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Austurberg 1, Leiknir.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 26. mars 2014, breytingu á deiliskipulagi íþróttasvæðis Leiknis að Austurbergi 1. Í breytingunni felst að setja niður færanlegt smáhýsi fyrir greiðasölu.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 28. mars 2014.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 1. apríl 2014